


VEIÐIMÁLASTOFNUN




Athugun á Laxá í Refasveit 8-9/8 1984 - bráðabirgðaálit

Tumi Tómasson

Veiðimálastofnun

Eintak bókasafns

Hólum í Hjaltadal 1984.



Athugun á Laxá í Refasveit 8-9/8 1984 - bráðabirgðaálit

Alls var rafveitt á 16 stöðum í Laxá og Norðurá. Fremst í báðum ánum (þ.e. framan afréttargirðingarinnar í Laxárdal og fyrir framan Þverá í Hvammshlíðardal) bar mest á seiðum frá sleppingu árið 1981 (3+). Stærð þeirra nú er 10-14 sm og sennilega fara þau flest til sjávar næsta sumar. Í Núpshólunum og þar fyrir neðan (Skrapatunga, Njálstaðir) veiddust mun færri seiði og voru flest frá sleppingu 1982 og 1984. Þar fundust þó tvö gönguseiði, bæði frá sleppingu 1981. Ástandið var svipað neðst í Norðuránni. Það er því ljóst að sleppingin frá 1981 fór út sem gönguseiði af neðri hluta sleppisvæðisins í sumar, en seiðin þurfa að vera árinu lengur framari í ánum.

Náttúrulegt klak fannst einungis neðarlega í Laxá. Vorgömul seiði fundust í "Kjósinni" fyrir ofan laxastigana og þar fundust einnig seiði sem komu úr hrogni 1982. Seiði sem komu úr hrogni í fyrra fundust einungis á neðsta veiðistaðnum sem var við "Krumma".

Smáseiðasleppingarnar frá 1981 fara að skila sér sem smálax næsta sumar og sem stórlax og smálax sumarið 1986, en þá ætti einnig að koma í ljós árangur sleppinga 1982. Má búast við að lax gangi lengra fram árinu á næstu árum.

Vöxtur sleppiseiða framarlega í ánum er fremur hægur og óvíst hvort náttúrulegt klak gæti komist þar á legg nema í góðu árferði. Því er eins víst að þar verði að sleppa seiðum áfram ef svæðin eiga að nýtast til laxaframleiðslu. Hagkvæmni slíkra sleppinga verður að kanna með merkingum. Mjög góð uppeldissvæði í neðsta hluta Norðurár og frá Núpshólum niður undir Njálstaði, verða vannýtt á næstu árum. Legg ég því til að í haust verði tekinn klaklax úr ánni og hann nýttur til að framleiða smáseiði til sleppinga á þessu svæði næsta vor. Einnig verði reynt að grafa hrogn á þessu sömu svæði. Best væri að fá um 15 hrygnur og 10 henga úr ánni í haust. Þessar aðgerðir myndu einnig koma í veg fyrir þau neikvæðu áhrif sem veikur 1983 árgangur gæti annars haft á veiði í ánni seinni hluta áratugsins (1987-1989).

Hólum 24/8 1984

Tumi Tómasson
Tumi Tómasson